

Nd.

109. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskiræktarfelög.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og kunnugt er, var frv. um þetta efni flutt á Alþingi í fyrra og afgreitt af neðri deild þá.

Þetta frv. er að heita má eins.

Nefndin telur nú sem fyr, að þetta mál sje mikilsvert og að það eigi fram að ganga. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með litiðsháttar breytingum. Er önnur breytingin sú, að leiguliða sje boðið á stofnfund, ef

telja má, að eigandi mæti ekki. Hið sama gildir og, ef í ráði er síðar á fundi í fjelaginu að taka leiguliða í fjelagið. Síðari málsgrein 6. gr., um endurgreiðslu fyrir veiðiaukningu, þykir nefndinni ekki nógu greinilega orðuð og flytur breytingartillögu um það atriði.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir fyrsta málslið komi: Nú þykir fyrirfram sýnt, að eigandi jarðar muni ekki sækja stofnfund, og skal þá boða leiguliða á fundinn. Má hann taka þátt í umræðum, en ekki í atkvæðagreiðslu fyr en hann er úrskurðaður fjelagi í stað landsdrottins, sbr. 6. gr.
2. Við 6. gr. Á eftir 1. málslið komi: Þá skal þó jafnan boða leiguliða á fundinn.
3. Við 6. gr. Síðari málsgrein skal orða þannig:

Skylt er landsdrottni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins, enda hafi leiguliði greitt gjald það, sem jafnað er niður samkv. 9. gr.

Skal landsdrottinn greiða 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir aukna veiði.

Alþingi, 13. mars 1929.

Lárus Helgason,
form.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskrifari og frsm.

Jón Sigurðsson.

Einar Jónsson. Bernh. Stefánsson.